Stéttabaráttan
aukablað

Áskriftasíminn er 27810
13,oo-18,3o virka daga

Útfærslan er stuðningur við sjálfstæðisbaráttu 3ja heimsins

Bæði Sovétríkin og Bandaríkin hafa lýst yfir samþykki sínu við 200 mílna fiskveiðilögsögu strandríkja, en lagt áherslu á að hún skerði á engan hátt "siglingafrelsi" herskipa þeirra eða "rétt" þeirra til vísindalegra rannsókna. Eins og kunnugt er tók íslenska sendinefndin sömu afstöðu á Caracasráðstefnunni í fyrra og gekk þannig í berhögg við afstöðu Nígeríu og annarra þriðja heimsríkja. Hún studdi raunverulega risaveldin, eða málamiðlun þeirra, því þannig gat hún tryggt gróðahagsmuni sína á miðunum, án þess að halda út í opna baráttu gegn hernaðarlegum hagsmunum risaveldanna.

Fiskveiðilögsagan er mikilsvert skref

En þrátt fyrir þetta er útfærsla fiskveiðilögsögunnar mikilsvert skref, því þannig fá strandríki lagalegan rétt yfir auðlindunum í hafinu umhverfis. En þetta má aldrei verða aðalatriðið. Heimsvaldasinnum er lagið að gera aukaatriði að aðalatriðum, að láta svo sem minniháttar atriði skipti öllu máli - til þess að fela aðalatriðið. Þannig er þetta einmitt í landhelgismálinu. Kjarni málsins er raunverulega efnahagslegt og pólitískt sjálfstæði nýlendnanna og ófrjálsu landanna. Því er haldið niðri og ógnað af flotum og herstyrk risaveldanna og til þess að geta haldið yfirráðum sínum í nýlendunum, er risaveldunum nauðsynlegt að geta siglt flota sínum upp að ströndum þessara ríkja, til þess að vernda rányrkju sína á auðlindum og náttúruauðævum annarra ríkja. Frelsi til vísindalegra rannsókna merkir raunverulega ekkert annað, en frelsi til að leita að auðlindum á yfirráðasvæðum annarra landa, í þeim tilgangi að láta greipar sópa um þær. Þess vegna leggja risaveldin svo mikla áherslu á að siglingalögsaga og auðlindalögsaga verði ekki færð út í 200 mílur, þó þau geti sætt sig við að fiskveiðilögsagan verði færð út. Þessa stefnu hefur íslenska einokunarauðvaldið gert að sinni og selur þannig rétt íslensku þjóðarinnar til að ráða algerlega yfir landhelgi sinni, efnahagslega og pólitískt. En um leið fer það einokunarastöðu gagnvart öðrum fiskveiðiþjóðum á miðunum kringum landið, einokunaraðstöðu sem það notar til skefjalausrar rányrkju. En þrátt fyrir þetta er útfærsla fiskveiðilögsögunnar mikilsvert skref, því hún er liður í alhliða útfærslu og fordæmi fyrir ríki 3. heimsins til að gera slíkt hið sama. Þess vegna styðjum við útfærslu fiskveiðilögsögunnar um leið og við bendum á að hún er ekki nægileg. Íslenska þjóðin verður að öðlast full og óskoruð yfirráð yfir 200 mílunum.

Risaveldin og frelsisbarátta ríkja þriðja heimsins

USA hafa goldið mikið afhroð eftir ósigurinn í Indókína og eru á stöðugu undanhaldi undan framsókn þriðja heimsins. Þannig hafa myndast sprungur í NATO, sérstaklega í S-Evrópu og landhelgismálið gæti skapað sams konar hagsmunatogstreitu í norðri. En jafnhliða þessu undanhaldi USA sækir sovéska sósíalheimsvaldastefnan fram og reynir að koma ár sinni vel fyrir borð, þar sem bandaríska heimsvaldastefnan hefur nýhorfin frá hitunni. Þannig hafa umsvif Sovétríkjanna alls staðar aukist þar sem USA hafa hörfað. Til að mynda um S-Evrópu, Indlandsskaga, N-Atlanshaf, Afríku og Asíu. En hagsmunir þriðja heimsins og evrópuríkjanna eru ekki að komast í klærnar á öðru stórveldi, eftir að USA-heimsvaldasinnarnir hafa verið hraktir á brott. Barátta þeirra fyrir sjálfstæði og efnahagslegu sjálfræði beinist ekki síður gegn Sovétríkjunum en USA. Þess vegna er siglingalögsaga mikilvæg fyrir þessi ríki, því hún veitir þeim aukna tryggingu gegn ásælni Sovétríkjanna ekki síður en USA. Íslenskur verkalýður og vinnandi alþýða hefur enga hagsmuni sameiginlega með kúgurunum, hvorki íslenska auðvaldinu né risaveldunum. Hún hefur þvert á móti hagsmuni af því að jafn réttur allra þjóða verði tryggður, að alþýðan í þriðja heiminum öðlist rétt til að ráða málum sínum sjálf og án afskipta risaveldanna eða heimsvaldaríkjanna. Þess vegna hlýtur íslenskur verkalýður og vinnandi alþýða að styðja skilyrðislaust hina réttmætu baráttu þriðja heimsins fyrir sjálfsákvörðunarrétti, fyrir óskoruðum yfirráðum yfir siglingalögsögu, auðlindalögsögu og fiskveiðilögsögu. Um allan heim er nú að myndast öflug samfylking, samfylking verkalýðsins í heimsvaldalöndunum og alþýðunnar í nýlendunum og háðum löndum. Þessi samfylking

Framhald á baksíðu

Hvar er „Varið land" núna?

Það er ekki liðinn svo ýkja langur tími frá því að nokkrar sjálfskipaðar hetjur gengu manna á milli og söfnuðu undirskriftum undir kjörorðinu "Varið land". Þeirra krafa var að ekki skyldi endurskoða hinn svokallaða varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, í stað þess skyldi landið varið og hætt við "ótímabæra brottför hersins".

Nú hafa málin snúist á þann veg að ráðist hefur verið inn í lögsögu landsins og hafið er fullt af óvinveittum herskipum - frá NATO! Landvarnarhetjurnar, sem lögðu svo mikið í sölurnar og heimsóttu hvert sjúkrahús og elliheimili, láta nú lítið yfir sér. Frá þeim kemur hvorki hósti né stuna. Hvað veldur slíku sinnuleysi nútímalandvætta vorra?

Flestir þeir 55.000 Íslendingar, sem létu glepjast af lýðskrumi þessa hóps sem stóð að undirskriftasöfnuninni í umboði Sjálfstæðisflokksins, þeir ættu nú að skilja hversu falskur málflutningur "Varins lands" var í rauninni. Tilgangurinn var, þegar allt kemur til alls, sá að tryggja þeim sem græða á veru hersins áframhaldandi gróða (þ.á.m. Geir Hallgrímssyni)! Og ennfremur var tilgangurinn að freista þess að auka tiltrú landsmanna á NATO. Postular "Varins lands" - og þeir eru fleiri en þessir 14 sem komu

Framhald á baksíðu

ÍSLAND ÚR NATO! HERINN BURT!

Eins lengi og auðvaldsþjóðfélög verða til viðhaldast hernaðarbandalög heimsvaldasinna. Þessi bandalög hafa verið notuð og munu verða notuð til árásar gegn smáum og meðalstórum löndum, jafn vel þó að þau séu innan bandalaganna. Dæmi um þetta eru t.d. árásir Varsjárbandalagsins á Tékkóslóvakíu, árásir bresku natóherveldisins gegn Íslandi. Bæði þessi ríki eru í þeim hernaðarbandalögum sem ráðist hafa á þau. Í bæði skiptin hefur þetta verið látið viðgangast meðal annars vegna þess að þetta hefur verið talið einkamál hernaðarbandalaganna. Þessi dæmi og mörg fleiri sanna, svo ekki verður um villst, að smáríki eins og t.d. Ísland eru verr komin innan hernaðarbandalaga en utan. Þar fyrir utan sem vera Íslands í NATO er beinn stuðningur við USA-heimsvaldastefnuna og annarra hervelda innan NATO gegn þjóðfrelsisöflum víða um heim. Síðustu aðgerðir breta á miðunum við Ísland sanna þetta ótvírætt og aðgerðir þeirra og þjóðverja gegn útfærslu landhelginnar mætti nota sem skóladæmi um aðgerðir og stöðu heims valdastefnunnar í dag.

Fyrst er reynt að beita hótunum og efnahagsþvingunum af hálfu bandalagsþjóðanna, með aðstoð beggja risaveldanna USA og USSR, þegar það dugar ekki er beitt hernaðarlegri yfirdrottnun. Það sem við verðum því sérstaklega að athuga við þessa árás bresku heimsvaldastefnunnar er að hún er gerð í krafti þess m.a. að Ísland er í NATO og er því ekki skoðuð sem innrás heldur sem deilur innan "NATO-fjölskyldunnar". En þannig snýr þetta ekki við Íslendingum.

Augu fjölmargra sem áður voru eindregnir stuðningsmenn NATO, í nafni svokallaðs vestræns varnarbandalags, hafa nú opnast. Í ljósi flotainnrásarinnar og nú síðast ásiglingarinnar á Þór, sjá nú margir að stóru "bræðurnir" í NATO beita hernaðarmætti sínum eingöngu í sína þágu. Ekki aðeins gegn ríkjum utan NATO heldur einnig innan þess. Það þarf annaðhvort hálfvita eða algjöra pólitíska blindu til þess að sjá þetta ekki.

Slíkir menn eru að vísu til, eins og "Varið land" hópurinn, sem gat notfært sér pólitískt andvaraleysi íslenskrar alþýðu þegar NATO hafði ekki afhjúpað sig eins og nú er til að fá undirskriftir fjölmargra við hernaðarbandalagið. En í dag eiga slíkar raddir engan hljómgrunn. VL-hópurinn hefur því hægt um sig, en krafan um brottför hersins og úrsögn úr NATO á aukinn fylgi að fagna. Það er engin ný og áður óþekkt reynsla að skoðanir almennings breytast jafn skjótt og hann fær sjálfur að kynnast "gæsku" heimsvaldastefnunnar. Fyrir nokkru skrifaði fjórðungur þjóðarinnar undir VL-plaggið, en nú hefur hann fengið að kynnast því sem plaggið stóð fyrir, og er tilbúinn að berjast gegn því.

Það er þess vegna sem við segjum að kúgun leiði óhjákvæmilega af sér baráttu.

Tilraun breska natóveldisins til að gera sinn vilja að okkar með herskipainnrás hefur nú þegar vakið upp breiða andstöðu og baráttu gegn hernaðaríhlutun breta um íslensk innanríkismál. Þannig hefur hugarfar og afstaða almennings sveiflast á milli þess að vera stuðningur við hernaðarbandalög í það að berjast gegn þeim fyrir friði og sjálfstæði.

Framhald á baksíðu

Rányrkjan leiðir til atvinnuleysis

Útfærsla íslensku fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur 15. október síðastliðinn er enn eitt dæmi af mörgum um sókn íslenska auðvaldsins í hámarksgróða. Auðfengnasta gróðann telja þeir sig fá úr þremur fiskistofnum þ.e. þorski, loðnu og síld. Íslenska auðvaldið hefur einokun á veiðum á loðnu og síld við landið en á í samkeppni um þorskinn við aðrar þjóðir, og þá aðallega breta. Árið 1974 var þorskafli breta á íslandsmiðum um 140 þúsund tonn af tæplega 400-þúsund tonna heildarafla. Þetta aflamagn er rúmlega helmingur þess magns sem Hafrannsóknarstofnunin telur ráðlegt að veitt verði á árinu 1976 en það er um 230 þúsund tonn. Þessari samkeppni af hálfu bretauna íslensku einokunarkapitalistarnir að vonum illa. Í skefjalausri gróðafíkn sinni hika þeir jafnvel ekki við að fórna öðrum auðlindum íslenskrar alþýðu, svo sem steinbít og karfa. Það kemur skýrt fram í nýgerðum samningi milli Íslands og Vestur-Þýskalands. Slíkur samningur hlýtur augljóslega að bæta stöðu íslensku ríkisstjórnarinnar bæði pólitískt í samningamakki hennar við breta og auk þess hernaðarlega þar sem varðskip Landhelgisgæslunnar þurfa að verja minna svæði en ella. En hverju hefur íslenska auðvaldið fórnað fyrir betri vígstöðu gegn breska auðvaldinu? Lítum nánar á nokkur atriði í samningunum.

Í fjórða lið samningsins er kveðið á um hvar veiðisvæði þjóðverja innan 200 mílnanna skuli vera. Stjórnarblöðin hafa haldið því fram að þjóðverjar megi aðeins veiða á "mjög takmörkuðum svæðum" innan 50 mílnanna. En ef lega svæðanna er athuguð sést vel, að þjóðverjum hefur verið fullljóst hvað þessi fjögur hólf höfðu að geyma.

Í austasta hólfinu eru miklar uppeldisstöðvar karfa. Út af Reykjanesi þar sem annað hólfið er, er töluvert af stórufsa (þegar þetta er skrifað er vikuafli netabáta á Reykjanesi ca. 15 - 20 tonn og er það svo til allt ufsi).

Hrikalegustu afleiðingarnar mun þó opnun Látragrunnsins hafa, því þar eru einu hrygningar- og uppeldisstöðvar steinbítsins. Íslendingar hafa hlíft þessum miðum að mestu á tímabilinu sept.-jan. því þá er steinbíturinn lítt ætur (eða a.m.k. óseljanlegur). Rússar og v.-þjóðverjar hafa hins vegar skafið miðin til mjölframleiðslu undanfarin 3 - 4 ár. Á síðustu 2 - 3 árum hefur árlegur steinbítsafli minnkað um 30% (úr 18 þús. í 13 þús. lestir). Og er augljóst hvert stefnir með áframhaldandi veiðum v.-þjóðverja.

Í fylgiskjali IV við samninginn er ákvæði um að gildistaka hans frestist, komi bókun 6 milli Íslands og EBE ekki til framkvæmda á næstu 5 mánuðum. Engar líkur eru á að bretar muni leyfa framkvæmd bókunarinnar fyrr en samið hefur verið við þá. Það gæti dregist nokkurn tíma hugsanlega 1 - 2 ár. En á meðan fá vesturþjóðverjar að veiða hér í friði í vetur og síðan í 19 mánuði eftir að bresku og íslensku kapitalistarnir hafa komist að samkomulagi, hvenær sem það verður og hvernig sem ástand fiskistofnanna verður þá.

Magn það sem þjóðverjar fá að veiða skv. samningnum er 60 þúsund tonn þar af er 5 þúsund tonn þorskur. Æskilegur hámarksafli af þorski er skv. áliti fiskifræðinganna 230 þúsund tonn. 1974 veiddu íslendingar um 240 þúsund tonn. Þótt við sætum einir að þeim afla sem eftir er verðum við því að minnka sóknina um 15 þúsund tonn. Í staðinn þarf að beina sóknarþunga þessum yfir á aðrar tegundir aðallega ufsa og karfa, en þar sem t.d. ufsi er helmingi verðminni en þorskurinn, samsvarar það um 30 þúsund tonnum. Fiskifræðingar telja æskilegt aflamagn ufsa og karfa vera 130 þúsund tonn. Þar af veiddum við í fyrra 70 þúsund tonn. Íslenska auðvaldið hefur þegar látið af hendi 55 þúsund tonn til vesturþjóðverja og 5 þúsund tonn til belga sem þýðir, að þessir stofnar geta alls ekki tekið við meiri sóknarþunga. Því er ljóst að íslenska útgerðarauðvaldið ætlar sér annaðhvort að stunda óhóflega rányrkju og hætta á að helstu fiskistofnar okkar hrynji innan fárra ára, eða að það hyggst leggja hluta fiskveiðiflotans. Sérhver samningur sem gerður verður hér eftir mun kalla atvinnuleysi og örbirgð yfir fjölda sjómanns- og alþýðuheimili í landinu. Því skorum við á íslenska sjómenn að standa nú saman og stefna flotanum beint í höfn ef ríkisstjórnin vogar sér að fórna auðlindum íslenskrar alþýðu á altari gróðahyggjunnar.


-Vesturbæjarsella

---

frh. ÍSLAND ÚR NATO...

Þannig var það einnig eftir fyrri heimsstyrjöldina. Alþýðan snerist gegn stríði og hernaðarstefnu auðvaldsins. Þessi hreyfing náði lengst í Rússlandi með stofnun sósíalísks ríkis verkalýðs og smábænda. Og eftir síðari heimsstyrjöldina vann þessi barátta enn stærri sigra. En milli styrjaldanna hafði heimsvaldasinnum og fasistum tekist að blekkja mikinn fjölda til stuðnings við heimsvaldastefnuna. Þeim tókst, eins og VL-hópnum, að notfæra sér andvaraleysi almennings og afla sér almenns stuðnings við hernaðaráform sín. Í dag er einmitt að koma upp svipað ástand og var á milli styrjaldanna, uppkoma VL-hópsins er einmitt dæmi um það. Þetta ástand reyna heimsvaldasinnar í öllum löndum að nota sér til að afla fylgi við nýtt stríð.

Hér á Íslandi eru hins vegar að skapast forsendur fyrir því að áætlanir þeirra um stuðning almennings við hernaðarstefnu þeirra mistakist, að mestu vegna þess að íslensk alþýða hefur svolítið fengið að kynnast því, hvað hernaðarbandalög og heimsvaldastefna standa fyrir og hún hefur í dag alla möguleika til að læra af þessu skóladæmi sem landhelgisstríðið hefur verið.



Þessa vaknandi meðvitund munu auðvaldssinnarnir reyna að villa af leið með rökum Moggans og hægri krata um að NATO og það sem gerist í landhelgismálinu sé tvennt óskylt. Þeir munu ekki aðeins fá stuðning öfgamanna til hægri, heldur einnig öfgamenn til vinstri (trotskista) og sú er m.a. ástæðan fyrir því, að Heimdallur og Fylkingin taka ekki þátt í útifundinum um landhelgismálið, sem sérstaklega beinist gegn heimsvaldastefnunni.
Heimdallur og sannfærðir íhaldsmenn gera það af því að þeir eru ófærir um að taka afstöðu gegn heimsvaldastefnunni. Sannleikurinn um þá er nefnilega sá, að þeir eru djörfustu talsmenn fyrir heimsvaldastefnu og kúgun hvar og hvenær sem færi gefst. Aftur á móti taka trotskistarnir í Fylkingunni afstöðu gegn hagsmunum vinnandi alþýðu í þessu máli vegna skilningsleysis síns á því, að baráttan gegn heimsvaldastefnunni getið verið háð gegn þeim sem berlegast hafa beitt herveldi sínu gegn íslenskri alþýðu og þannig afhjúpað eðli sitt. Í einfeldni og um leið meðvitað, taka þeir afstöðu gegn vaknandi meðvitund og baráttuvilja vinnandi alþýðu og hafna tækifæri til að lyfta baráttunni fyrir 200 mílunum á hærra stig. Við sannir andheimsvaldasinnar hljótum því við núverandi ástand að leggja kröfunum "Ísland úr NATO - herinn burt" allt okkar lið um leið og við styðjum fordæminguna á bresku heimsvaldastefnunni, með stuðningi við kröfuna um tafarlaus stjórnmálaslit við Bretland. Þannig þjónum við best baráttunni gegn heimsvaldastefnunni við núverandi aðstæður. -/GA

frh. VARIÐ LAND.

opinberlega fram - eru þý ofbeldisaflanna í NATO sem hafa berlega afhjúpað sitt rétta eðli að undanförnu. -/hh

frh. ÚTFÆRSLAN.

á sér sameiginlegan óvin þar sem heimsvaldastefnan er og sérstaklega risaveldin tvö - USA og Sovétríkin. Barátta íslenskrar alþýðu fyrir óskoraðri og fullri lögsögu yfir 200 mílunum er mikilsvert framlag til þessarar samfylkingarbaráttu. Barátta íslenskrar alþýðu gegn heimsvaldasinnuðum hernaðarbandalögum, sem berjast gegn rétti þjóðanna og ræna þær auðlindum sínum, er líka mikilsvert framlag til samfylkingarbaráttu. Staða íslensks verkalýðs og vinnandi alþýðu er við hlið verkalýðs annarra landa og allra kúgaðra þjóða, gegn risaveldunum og heimsvaldastefnunni. Þess vegna setjum við fram vígorðin:

FULL OG ÓSKORUÐ YFIRRÁÐ YFIR 200 MÍLUNUM!

GEGN ÁSÆLNI OG YFIRGANGI HEIMSVALDASTEFNUNNAR!

ÍSLAND FYRIR ÍSLENSKAN VERKALÝÐ OG VINNANDI ALÞÝÐU!

STÉTTABARÁTTAN, 20. desember 1975. Aukablað.
Útg. Kommúnistasamtökin m-l.
STÉTTABARÁTTAN kemur út mánaðarlega.
Póstfang: Pósthólf 1357, Reykjavík.
Sími: 27810.
Gírónr.: 27810.
Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal

AUKABLAÐ

Þessi einblöðungur er aukablað STÉTTABARÁTTUNNAR og er eingöngu helgaður málum tengdum landhelgismálinu og aðgerðum breska NATO-flotans hér við land. Þessu eintaki er dreift ókeypis.

Nú stendur yfir útbreiðsluherferð STÉTTABARÁTTUNNAR, allt þetta ár hafa velunnarar blaðsins safnað áskrifendum og takmarkið er 100% aukning þeirra árið 1975. Nú, þegar árið er svo til á enda, hefur okkur tekist að ná 91%. Það verður að teljast frábær árangur og stórt skref fram á við fyrir blaðið. En við verðum að herða róðurinn, á næsta ári verður að efla sóknina og markið er að gera STÉTTABARÁTTUNA að 1/2 mánaðarblaði. Þú, sem lest þessi orð og hefur ekki enn gerst áskrifandi - eftir hverju bíður þú? Við bíðum eftir því að þú snarir þér inn á pósthús eða banka og útfyllir þar gíróseðil (gírónr. blaðsins er 27810). Lægsta gjald er 600 kr., stuðningsáskrift er kr. 800 og baráttuáskrift er kr. 1000 (gildir þar til að blaðið verður 1/2 mánaðarblað).

Til þess að okkur takist að auka útgáfutíðni blaðsins þarf að fjölga áskrifendum um 200 frá því sem nú er. Takmark okkar er að ná þessu marki fyrir II. þing KSML á páskum 1976. Strax í upphafi næsta árs verður sett af stað ný herferð til að ná þessum 200 nýju áskrifendum. En jafnframt verða gerðar breytingar á útgáfutilhögun blaðsins til að gera okkur kleift að tryggja útgáfu 1/2 mánaðarblaðsins. Enn er of snemmt að segja frá þessum breytingum þar sem þær eru enn til umræðu hjá ritstjórn Stb og miðstjórn KSML.

Við hvetjum alla velunnara blaðsins til þess að hefja nú þegar undirbúning fyrir átök næsta árs. Til að tryggja góðan árangur verða allir að taka á árinni.

Rauða Stjarnan Bókabúð
Opið 13,oo-18,3o

Hvar geturðu keypt jólagjafirnar til róttækra vina og kunningja? Auðvitað í bókabúðinni sem miðar allt starf sitt við að útbreiða vísindalega sósíalismann, bókabúðinni sem er einn hluti hinnar vaxandi byltingarhreyfingar á Íslandi. Í RAUÐU STJÖRNUNNI, Lindargötu 15 í Reykjavík.

En það fæst fleira en bækur - RAUÐA STJARNAN hefur mikið og sívaxandi úrval af hljómplötum frá mörgum löndum. Einnig fást plaköt frá t.d. Palestínu.

Verslið í RAUÐU STJÖRNUNNI og fáið það sem ykkur skortir um leið og þið eflið bókabúðina.

P.s. ekki má gleyma kínversku sjálfblekungunum og kúlupennunum sem er mjög ódýrir!